

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 59/2016

2017/EES/66/19

frá 18. mars 2016

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/359 frá 4. mars 2015 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 að því er varðar hagskýrslur um útgjöld og fjármögnun heilbrigðisþjónustu ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18z5 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 205/2014) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18z6. **32015 R 0359**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/359 frá 4. mars 2015 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 að því er varðar hagskýrslur um útgjöld og fjármögnun heilbrigðisþjónustu (Stjtúð. ESB L 62, 6.3.2015, bls. 6).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að taka saman sérstök gögn um þjónustu á dagdeildum í lækningaskyni (HC.1.2), endurhæfingu (HC.2.2) og langtímaumönnun sjúklinga á dagdeild (heilbrigði) (HC.3.2) en þau skulu innifalin í gögnum um þjónustu við ferilsjúklinga í lækningaskyni (HC.1.3), endurhæfingu ferilsjúklinga (HC.2.3) annars vegar og langtímaumönnun ferilsjúklinga (heilbrigði) (HC.3.3) hins vegar.
- b) Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að taka saman gögn um fjármögnunarkerfi fyrirtækja (HF.2.3). Sameiginlega EES-nefndin skal endurskoða þessa undanþágu í hvert sinn sem tölur, sem stjórnvöld í Liechtenstein leggja fram, sýna að útgjöld fjármálakerfis fyrirtækis í Liechtenstein eru óveruleg.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/359, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtúð. ESB L 62, 6.3.2015, bls. 6.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.